

Þórarinn Torfason

Í ókunnri borg

Ylur 2012

© Þórarinn Torfason
Ylur -Akureyri 2012
Önnur útgáfa: Rafbók 2020

Í SETUSTOFU SNEMMA MORGUNS

Notalegt að sitja
í setustofu hostelsins
snemma morguns

og skrifa

þar til fólk fer á stjá

Opnar dyr
herbergja sinna

Læðist fram
á salerni og í sturtu

Og kyrrðin
sem umlukti
morgunhanann

hverfur

Gufar upp

Á NÆSTA BORDI

Á næsta borði
drekka tvær eldri konur
bjór um miðjan dag
og spjalla saman

Heyrist sænska kennara
bera á góma

Án þess
ég sé að hlusta

KONA HORFIR Á MIG

Finn

að önnur konan

horfir á mig

meðan

hin bregður sér frá

og undrast

líklega

hvað ég

sé eiginlega

að pára

Ég

geri það líka

UPPTEKIÐ

Sætið „mitt”
upptekið
þegar ég kem
aftur á barinn
sem ég var á í gær

svo ég verð
að setjast annars staðar

Mun fleira fólk
hér núna
og hávaðinn meiri

Næ samt
að gleyma mér
í heimi orðanna

sem ég
er svo gjarn
að spinna
utanum mig
og líf mitt

NOTALEGT EITTHVAÐ

Ótrúlega notalegt
eitthvað að
sitja á
kunnuglegum barnum
sem ég
hef komið á
einu sinni áður

Útiloka hávaðan

Flétta utan um sig
brynju af orðum

TEKUR Á MÓTI OKKUR

Brosir

þínu blíðasta
þegar þú tekur
á móti okkur

svo skín

í hvítar

nokkuð stórar

tennur

og glitrar

á tannskrautið

Á LEIÐ Í BÆINN

Hún er ung
og situr ein
í tvöföldu sæti
í vagninum

Notar tímann vel
á langri leiðinni
niður í bæ

Dregur upp
bursta og púðrar
sig í framan
málar sig
og varalitar

Unglingsstúlka
á leið í bæinn

HITTUMST Á RESTURANTI

Höfum ekki sést
í fáeina klukkutíma
þegar við hittumst
á resturantinum

margt
sem þarf að ræða
og sýna
hvað keypt var

Hálf vorkenni fólkinu
sem er á staðnum fyrir

enda tæmist
hann brátt

ÞRJÚ

Þau koma þrjú

tvær stúlkur

einn drengur

inn í setustofuna

Taka fram spilastokk

Spila hljóðlega

Tala svo lágt

að ég sem sit

í sófanum

heyri varla

í þeim

ÞAU SPILA

Hann glottir
og klappar
á kálfa
kærustu sinnar

segir henni
að setja út spil
sem hún gerir

Hann
hirðir slaginn

KOMA Á BAR

Koma tvö
inn á barinn

hjón til margra ára

„Líst okkur á þetta?“
má lesa úr andlitum þeirra

Þau fá sér bjór

FÉLAGSSKAPUR

Hjónin sem skimuðu um staðinn
hafa fengið félagsskap:
Hjá þeim er sest annað par
önnur hjón

Sitja hvert á móti öðru
með bjór á borðinu milli sín
og spjalla saman á lágu nótnum

Svo virðist sem þau þekkist ekki mikið
Eru jafnvel að sjást í fyrsta sinn

KONA Í STRÆTÓ

Virðist æst eða stressuð
þegar hún kemur
inn í strætisvagninn

Strunsar aftur í hann
og hlammar sér í sætið

Kafar ofan í rósóttu
töskuna sína
dregur eitthvað upp úr henni
sem ég er sit framar
og fylgist með ákveð að sé
einhverskonar lyf eða tafla
gæti allt eins verið tyggjó

Rífur síðan upp
símann sinn og skoðar

Róast
að því er virðist
eftir því sem vagninn
fer lengra

MISSÝN

Sé í svip

mann

sem kemur

inn á barinn

og held

andartak

sé kona

úr mínum hóp

VAGNINN

Stígum upp í vagninn er hann kemur loks

Höfum beðið nokkuð lengi

að okkur finnst

Samt ekki vissir um að þetta sé sá rétti

Vitum þó:

hann ber okkur eitthvert

Vagninn þræðir hverfin

og nemur staðar á hverri stöð

Fáum því útsýnistúr

án þess að ætla

KONAN Í STÍGVÉLUNUM

Konan í stígvélunum
á sússí staðnum
stendur upp þegar hún
er búin að borða
Unnustinn staðinn upp
skömmu áður
stendur á tali við fólk
sem hann þekkir greinilega
nokkuð vel en hefur ekki hitt lengi
Konan í stígvélunum gengur til þeirra
Kærastinn kynnir þau
Um leið og konan í stígvélunum
tekur í hönd þeirra
beygir hún sig ögn í hjánum
til að hneigja sig

Eins og stúlkum er kennt í dansskóla

RIGNING

Rigningin svo mikil
allt í einu að við
rennblotnum við það eitt
að ganga milli veitingastaða
þó stutt sé að fara

Ekkert okkar með
hlífðarföt enda
vorum við að fara
til útlanda

og þar á
að vera sól og blíða

alltaf

HEIMSÓKN

Þegar við komum
er okkur vísað
inn í skólastofu
þar sem bíður okkar
dúkað borð með kaffi
og vínarbrauði

Og Leifur
sem ekki er Eiríksson
tekur á móti okkur

Skilur okkur ein eftir
meðan hann fer
og sækir fólkið
sem sest við borðið
og spjallar við okkur

Langa hríð
sem þó líður
sem örskot

STÚLKA VIÐ NÆSTA BORÐ

Við næsta borð
situr ung stúlka
með þrem eldri mönnum

Gjóar
af og til
augum á mig
þar sem ég sit
yfir bjór og skrifbók

Get fátt lesið
úr svip hennar

annað en
forvitni og
ef til vill undrun

FYLGIST MEÐ

Út um glugga
fylgist ég með
fólki sem
gengur hjá
barnum

Sumir með rennt
upp í háls

Aðrir með
uppspennta
regnhlíf

Þó
hann hangi þurr

sem stendur

TVÖ Í SPORVAGNI

Þegar við
komum inn
í sporvagninn
sitja þau tvö
hvort á móti öðru
og vínlyktin
fyllir nánast
vagninn allan

Hann:
skeggjaður
með skemmdar tennur
og hund í fanginu

Hún:
hrukkótt
með gleraugu
heldur um
ólina

Ekkert okkar
sest hjá þeim

MAN

Man skyndilega
dökku stelpurnar tvær
með slæður
og rauðlakkaðar neglur
í strætó

Veit ekki
hvaðan þær eru
né hvaðan
upprunnar

Man
þær einungis

GENG UM BORGINA

Geng um borgina
nánast heilan dag

Fyrst í hóp
en

þó undarlegt
megi virðast
dreg ég mig út

Held áfram einn

Sest inn á bari

Drekk bjór

Skrifa

Þannig
vil ég hafa það
og ekki öðruvísi

Á GANGI

Geng eftir götu, einn í ókunnri borg sem ég þekki lítið eftir fjöggra daga dvöl.

Á móti mér kemur feitur maður dökkur yfirlitum.

Beygir í átt til mín og nálgast óðfluga.

Virðist eiga við mig erindi.

Og er við stöndum augliti til auglitis segir hann eitthvað sem ég heyri ekki vel og skil því síður.

Ég fórna höndum, segi sorry.

Hann segir þá aðeins eitt lítið ókei.

Og við göngum hvor í sína áttina.

SEINT AÐ KVÖLDI

Sit í setustofu

hostelsins

seint að kvöldi

jafnvel komin nótt

að sumra mati

Félagarnir allir

farnir að sofa

en ég

lónerinn í hópnum

vef orð

meðan regnið

bylur á þakinu

DROPAR ÚR LOFTI

Hef varla
náð að skoða
þessa borg
af neinu viti

enn

vegna dropana
sem falla
úr lofti
í sífellu

og
orðanna
sem stöðugt
banka uppá